



185. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 22. sept. 2015 kl. 09:30.

Mætt: Björn Harðarson (fulltrúi foreldra), Eydís Þ. Indriðadóttir, Haraldur Eiríksson, Jón Hjartarson (mætti ekki), Jón G. Valgeirsson, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara), Olga Líska Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Þorkell Ingi Sigurðsson (fulltrúi nemenda, mætti ekki) og Þórarinn Ingólfsson.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 184. fundar var samþykkt án athugasemda.

2. Ytri úttekt – skýrsla – umræður og leiðir til úrbóta - OLG

Skólameistari gerði grein fyrir ferlinu sem í gangi hefur verið vegna ytri úttektar einnig sagði hún frá hvernig ferlið hefði verið hjá þeim sem unnu að ytra matinu. Unnið hefur verið að áætlun um úrbætur og hafa starfsmenn skólans komið að þeirri vinnu. Umræður sköpuðust um skýrsluna meðal annars var rætt um brottfall, nemendur með annað móturmál en íslensku, sálfræðiþjónustu, námsmat og kennsluáðferðir. Fundarmenn voru almennt sammála um að skólinn kæmi ekki illa út úr þessu ytra mati. Mælt er með að í svari skólameistara til ráðuneytis komi fram athugasemdir skólans á ytra matinu sem og leiðir til úrbóta þar sem það á við.

3. Skipurit FSu – kynning - OLG

Skólameistari fór aðeins yfir skipuritið og hvað það væri sem þyrfti að gera. Einnig fór hún yfir það sem fram hafði komið hjá þeim sem voru með ytra matið. Fundarmenn voru beðnir um að skoða skipurit og koma með tillögur ef þeir hafa einhverjar.

4. Upphaf haustannar – ný námskrá o.fl. – OLG

Rætt um upphaf annar og ný eyktaskipan kynnt af skólameistara. Á haustönn hófu nám rúmlega 870 nemendur og af þeim voru um 170 nýnemar. Komið var inn á umræðuna um aðsókn í verknámið sem mætti vera meiri.



5. Önnur mál:

A. Viðbygging – staðan – framlög sveitarfélaga

Byggingin gengur samkvæmt áætlun. Varðandi framlög sveitarfélaga til byggingar þarf að vinna í þeim málum.

B. Skipan fulltrúa FSu í stjórn fræðslunetsins

Óskað eftir að skólanefnd skipi fulltrúa FSu í stjórn fræðslunetsins. Ákveðið að fela stjórnendum að skoðað verði innanhúss hvort einhver finnist sem væri til í að taka að sér sæti í stjórn fræðslunetsins.

C. Gjaldskrá – vegna útleigu á húsnæði FSu.

Rætt um gjaldskrá vegna útleigu á húsnæði FSu. Ákveðið að Haraldur komi á næsta fund með nýja tillögu að gjaldskrá.

D. Styrkur vegna námsbrautar

Fyrir rúmu ári síðan fengust þrjár milljónir til að þróa námsbraut í samvinnu Fsú, Fræðslunetsins, Atorku, stéttarfélaganna og Vinnumálastofnunar. Nú þarf að fara að fara að skoða hvaða námsbraut sé ástæða til að setja á laggirnar.

Fram kom á fundinum að æskilegt væri að skoða það að FSu tengdist Landsvirkjun með einhverjum hætti vegna námsframboðs í skólanum.

E. Mæting fulltrúa nemenda

Mikilvægt er að fulltrúi nemenda mæti á fund skólanefndar.

F. Breyttur fundartími hjá skólanefnd

Stefna skal á fundi á fimmtudögum kl. 09:30

Næsti fundur er fyrirhugaður 19. nóvember 2015 kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:10
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang fsu@fsu.is • Veffang www.fsu.is